

# Samband sveitarfélaga á Austurlandi

## Ársreikningur 2021

Samband sveitarfélaga á Austurlandi  
Tjarnarbraut 39e  
700 Egilsstaðir

Kt. 560276-0289

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymsyfirlit .....	7
Skýringar .....	9

---

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningnum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2021.

Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð á árinu 2021 að fjárhæð 5,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok var jákvætt sem nam 57,4 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga og Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 19. apríl 2022 og undirritaður með rafrænum hætti.

Stjórn:

Einar Már Sigurðarson  
Hildur Þórisdóttir  
Gauti Jóhannesson  
Pálína Margeirs dóttir  
Sigriður Bragadóttir

Framkvæmdastjóri:

Jóna Árný Þórðardóttir

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem er byggð á könnuninni.

## **Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun ársreikninga. Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

## **Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sambandsins á árinu 2021, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Egilsstöðum, 19. apríl 2022

**KPMG ehf.**

Magnús Jónsson

# Rekstrarreikningur ársins 2021

---

	Skýr.	2021	Áætlun 2021	2020
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlög sveitarfélaga .....		29.177.886	29.177.884	28.186.742
Önnur rekstrarframlög .....		197.685.798	201.352.475	206.644.762
Aðrar tekjur .....		119.566.109	130.699.236	86.714.943
1b		<u>346.429.793</u>	<u>361.229.595</u>	<u>321.546.447</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Verkefnastjórn, nefndarlaun og greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs .....		16.935.159	29.171.200	24.930.535
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	3	28.092.700	10.000.000	9.465.427
Annar stjórnunarkostnaður .....		3.695.360	3.620.000	3.635.302
Funda- og ferðakostnaður .....		406.581	6.500.000	1.086.226
Sérverkefni, beinn kostnaður .....		292.708.001	312.324.335	277.411.375
1c		<u>341.837.801</u>	<u>361.615.535</u>	<u>316.528.865</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		4.591.992	( 385.940)	5.017.582
Vaxtatekjur .....		508.895	500.000	477.143
Vaxtagjöld .....		( 28.065)	0	( 4.889)
		<u>480.830</u>	<u>500.000</u>	<u>472.254</u>
<b>Rekstrarafgangur</b> .....	2	<u>5.072.822</u>	<u>114.060</u>	<u>5.489.836</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

		<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
<b>Fastafjármunir:</b>					
Áhættufjármunir:					
Eignarhlutur í SV Aust ehf. ....	1e	665.000		665.000	
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4	4.446.710		4.639.817	
		5.111.710		5.304.817	
		Fastafjármunir		5.111.710	5.304.817
<b>Veltufjármunir:</b>					
Skammtímakröfur:					
Krafa vegna lögbanns .....	5	7.000.000		7.000.000	
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4	193.107		193.107	
Aðrar skammtímakröfur .....	6	90.457.476		23.180.767	
Handbært fé.....	1f	219.608.961		244.855.384	
		Veltufjármunir		317.259.544	275.229.258
		<b>Eignir samtals</b>		<u>322.371.254</u>	<u>280.534.075</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé:</b>					
Eiginfjárreikningur .....	2	57.355.350		52.282.528	
<b>Skuldbindingar:</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	3	107.069.110		85.747.644	
		107.069.110		85.747.644	
<b>Skammtímaskuldir:</b>					
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	7	59.236.573		17.000.000	
Ógreiddur rekstrarkostnaður .....		78.317.721		107.546.403	
Ógreitt vegna uppbyggingarsjóðs .....		20.392.500		17.957.500	
		157.946.794		142.503.903	
		Skuldir samtals		265.015.904	228.251.547
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>				<u>322.371.254</u>	<u>280.534.075</u>

## Sjóðstremmisyfirlit ársins 2021

---

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarafgangur ársins.....	2	5.072.822	5.489.836
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremmi:			
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	3	21.321.466	3.664.270
Veltufé frá rekstri		26.394.288	9.154.106
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreiddur kostnaður, lækkun.....		193.107	193.107
Skammtímakröfur, (lækkun) lækkun .....		( 67.276.709 )	6.705.822
Fyrirframinheimtar tekjur, hækkun.....		42.236.573	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 26.793.682 )	70.957.323
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		( 51.640.711 )	77.856.252
Handbært fé (til) frá rekstri		( 25.246.423 )	87.010.358
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		<b>( 25.246.423 )</b>	<b>87.010.358</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>244.855.384</b>	<b>157.845.026</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b>219.608.961</b>	<b>244.855.384</b>

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Innlausn tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarfélaga samlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

### c. Færsla gjalda

Útgiöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### d. Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í Sv Aust er færður á kostnaðarverði, nafnverð í árslok nam 0,5 millj. kr.

### e. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deilda á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisauksjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

### f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár

### g. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

## 2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé

Eigið fé 1.1.2021 .....	52.282.528
Rekstrarafgangur ársins .....	5.072.822
Eigið fé 31.12.2021 .....	57.355.350

## 3. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrissgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Hækjun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	85.747.644
Hækjun lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	28.092.700
Greiddur lífeyrir á árinu .....	( 6.771.234)
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	107.069.110

## Skýringar, frh.:

---

### 4. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deilda á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag varúðarsjóðs á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú á árinu 2018 eru færðar til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2021 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig:

	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar sjóður	Samtals
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	4.392.423	440.501	4.832.924
Gjaldfært á árinu 2021.....	( 166.274 )	( 26.833 )	( 193.107 )
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	4.226.149	413.668	4.639.817

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldf., færð meðal veltufjármuna.....	166.274	26.833	193.107
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	4.059.875	386.835	4.446.710
Samtals í efnahagsreikningi.....	4.226.149	413.668	4.639.817

### 5. Skaðabótakrafa vegna lögbanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna fólkflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA taldi sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekkt með dómi Héraðsdóms 6. maí 2013.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem úrskurðaði þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. Sterna höfðaði þann 18. mars 2014 skaðabótamál á hendur SSA og krafist bóta að fjárhæð 475 millj. kr. Í framhaldinu stefndi SSA Vegagerðinni inn í málið.

Í janúar 2016 skilaði dómskvaddur matsmaður niðurstöðu sinni og var hún hærri en bótakrafa stefnanda og framhaldsstefndi Sterna þá og hækkaði kröfur sínar til samræmis við niðurstöðu matsmanns og nemur dómkrafan nú 589 millj. kr.

Í framhaldinu var gerð krafa um að matsmanni yrði gert að endurskoða og endurmeta matsgerð sína og í mars 2017 voru skipaðir yfirmatsmenn, til að svara spurningum sem gagnaðili setti fram í matsgerð á sínum tíma, og undirmatsmaður, til að svara nýjum spurningum SSA. Yfirmatsgerð var kláruð í ágúst 2017 og var niðurstaðan að skaðbætur skyldu nema 64 millj. kr.

Haustið 2019 var lögð fram ný yfirmatsgerð í málinu og fór málflutningur fram fyrir Héraðsdómi lok árs 2020 og var niðurstaða dómsins að vísa málinu frá. Sú ákvörðun var kærð til Landsréttar í upphafi árs 2021 og staðfesti Landsréttur frávísun Héraðsdóms í febrúar 2021.

Sumarið 2021 höfðuðu Sterna Travel og Bílar og fólk nýtt mál með sömu fjárkröfu og áður (eftir leiðréttingu), þar sem leitast hefur verið við að taka tillit til þeirra atriða sem ollu frávísun. Málið var þingfest í september og í október var greinagerð skilað af hálfu SSA. Þar var m.a. krafist frávísunar. Enn hefur ekki verið boðað til málflutnings um frávísunarkröfuna en búist er við að málflutningur fari fram á árinu 2022.

## Skýringar, frh.:

### 6. Aðrar skammtímakröfur

	2021	2020
Viðskiptakröfur .....	77.644.108	8.870.852
Óinnheimtir styrkir .....	12.700.000	12.700.000
Inneign í virðisaukaskattí .....	113.368	1.609.915
	<hr/> 90.457.476	<hr/> 23.180.767

### 7. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur nema alls 59,2 millj. kr. í árslok 2021. Skiptast þær í 42,2 millj. kr. frá Vegagerðinni, 3,0 millj. kr. vegna samnings við Múlaþing og 14,0 millj. kr. í þróunarfé.